

Ed.

557. Nefndarálit

[179. mál]

um frv. til l. um breyting á vegalögum, nr. 71 30. des. 1963.

Frá minni hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins. Meiri hl. vill samþykkja frv. óbreytt, en minni hl. vill gerbreyta frv. og flytur á sérstöku þskj. brtt. við það.

Í þessu frv. eru ákvæði um nýjar álögur, og er áætlað, að þær nemi á þessu ári 109 millj. kr., en á næsta ári um 180—190 millj. kr. Fé þetta á að innheimta með mikilli hækkun á benzínskatti, innflutningsgjaldi af hjólbörðum og þungaskatti af bifreiðum. Þetta er þriðja hækkunin, sem ríkisstjórnin beitir sér fyrir á þessum sköttum á rúmum fjórum árum.

Í kjölfar gengislækkunarinnar, sem gerð var í vetur, koma stórfelldar hækkunarir á rekstrargjöldum bifreiða. Við það á að bæta álögum þeim, sem þetta frv. kveður á um.

Þessar gífurlegu álögur hljóta að verða þungbærar bifreiðaeigendum, og þær munu von bráðar snerta almennig, m. a. með hækkun á flutningskostnaði og strætisvagnagjöldum.

Háar fjárhæðir, sem teknar eru af umferðinni með ýmsu móti, fara nú til almennra þarfa ríkissjóðs.

Vegalögin kveða á um, að til vegagerða skuli árlega veita sérstakt framlag á fjárlögum til viðbótar hinum föstu tekjum vegasjóðs og tekjustofnum þeim, sem fjallað er um í þessu frv. Þetta lagaákvæði er í fullu gildi, en þrátt fyrir það hefur að tilhlutan ríkisstjórnarinnar framlagið til vegasjóðs verið fellt niður af fjárlögum þrjú ár í röð.

Minni hl. samgöngumálanefndar telur of langt gengið með þeim skattahækkunum, sem mælt er fyrir um í þessu frv. Hann vill bæta úr brýnni þörf vegasjóðs fyrir aukið fjármagn til vegaframkvæmda með því að renna fleiri stoðum undir fjáröflun til vegasjóðs en nú er gert.

Minni hl. nefndarinnar leggur til, að leyfisgjöld af bifreiðum renni til vegasjóðs frá og með 1. jan. 1969, en að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 109 millj. kr., til greiðslu á kostnaði vegasjóðs vegna framkvæmda 1967 og 1968.

Afstaða minni hl. nefndarinnar til frv. mun fara eftir því, hvort brtt., er hann flytur á sérstöku þskj., verða samþykktar.

Alþingi, 9. apríl 1968.

Páll Þorsteinsson,
frsm.

Karl Guðjónsson.

Ásgeir Bjarnason.